

# Ályktun Landsstjórnar IOGT á Íslandi

Kópavogur 31. mars 2020

## Ályktun landsstjórnar IOGT á Íslandi

Bindindissamtökin IOGT á Íslandi skora á stjórnvöld að tryggja áfengisvarnir í landinu. Áfengisvarnir Íslands eru á heismælikvarða vegna sterkra laga um sölu áfengis. Árangurinn sem við höfum náð er svo eftirtektarverður að fjölmörg önnur ríki sækjast eftir okkar aðferð. Allar tilslakanir á áfengislögum eru ógnun við þann góða árangur sem við höfum náð og framtíðarlýðheilsu samfélagsins.

Áfengi er eitur þó leyfilegt sé að selja það undir sérstöku eftirliti. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hvetur allar þjóðir heims til að draga úr áfengisneyslu. WHO mælir með sterkustu leiðunum sem eru: Einkasala ríkisins á áfengi, áfengisauglýsingabann, hátt verð og hár áfengiskaupaaldur.

Nú eru allir á þeirri skoðun í ljósi COVID-19 að það borgar sig að fara eftir leiðbeiningum WHO. Það er alvarlegt mál að vinna gegn lýðheilsu samfélagsins eða að tala niður ráðleggingar þar um bara til að þóknast áfengisiðnaðinum.

Það má herða áfengislögin og taka fyrir alla vefverslun með áfengi en bent hefur verið ítrekað á þau mistök sem voru gerð við breytingar á áfengislögum 2009 að taka ekki fyrir vefsölu áfengis.